



# Skólanámskrá 2019 – 2020



## II. hluti Nám og kennsla 5. bekkur

Umsjónarkennarar

Birna Ósk Óskarsdóttir  
Hildur María Helgadóttir

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Bakgrunnsupplýsingar .....	3
Lykilhæfni í 5.bekk.....	3
Íslenska.....	4
Talað mál, hlustun og áhorf.....	4
Lestur og bókmenntir .....	5
Ritun .....	5
Málfræði .....	6
<b>Stærðfræði.....</b>	<b>7</b>
Tölur og reikningur .....	7
Algebra.....	7
Rúmfræði og mælingar .....	7
Tölfræði og líkindi .....	7
<b>Náttúrugreinar .....</b>	<b>8</b>
<b>Samfélagsgreinar.....</b>	<b>8</b>
<b>Lífsleikni.....</b>	<b>9</b>
<b>Erlend tungumál.....</b>	<b>9</b>
Enska .....	9
<b>Útinám.....</b>	<b>11</b>
<b>Tónmennt.....</b>	<b>11</b>
Frum-, efnis og leikniþættir .....	11
Sögulegt og félagslegt samhengi .....	12
Tónlistarlegt innsæi .....	12
<b>Smíðjur.....</b>	<b>12</b>
Heimilisfræði .....	12
Myndmennt.....	13
Textílmennt .....	14
Hönnun og smíði .....	15
<b>Upplýsinga- og tæknimennt.....</b>	<b>16</b>
<b>Fjölval.....</b>	<b>17</b>
<b>Skólaíþróttir .....</b>	<b>17</b>
Íþróttir.....	17
Sund .....	18

## Bakgrunnsupplýsingar

Í 5. bekk eru 25 nemendur, 15 drengir og 10 stúlkur. Alls fá nemendur í 5. bekk 35 kennslustundir á viku. Umsjónarkennarar í 5. bekk eru Birna Ósk Óskarsdóttir og Hildur María Helgadóttir. Stuðningsfulltrúar eru Arnar Freyr Smáráson, Margrét Tinna Káradóttir og Krístrún Una Thoroddsen.

Aðrir kennarar:

Jón Ásgeir Þorvaldsson- íþróttir

Freyr Brynjarsson-sund

Halldóra Ólöf- heimilisfræði,

Silja Konráðsdóttir- textíl

Guðrún Jóhannsdóttir- smíði

Helga Lára Haraldsdóttir- myndlist

Katrín Jóna Ólafsdóttir-uppbyggingasmiðja

Kolbrún Alexandersdóttir-bókasafnssmiðja

Alexandra Ýr Auðunsdóttir- tónmennt

### Kennslustundir

Íslenska	7 stundir	Útikennsla	2 stundir
Stærðfræði	7 stundir	Tónmennt	1 stund
Samfélags- og Náttúrugreinar	3 stundir	Smiðja	4 stundir
Enska	3 stundir	Íþróttir	2 stundir
Upplýsingamennt	1 stund	Sund	1 stund
Bekkjargundur	1 stund	Fjölval	2 stundir
Lífsleikni	1 stund		

## Lykilhæfni í 5.bekk

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans.

Lykilhæfnin skiptist í fimm þætti sem lagðir eru til í Aðalnámskrá. Allir þættirnir fimm eru jafn mikilvægir en farið er misjafnlega djúpt í þá eftir aldri nemenda.

**1. Tjáning og miðlun.** Tekur þátt í samræðum. Hlustar á aðra. Tjáir skoðanir sínar munnlega, skriflega eða á annan hátt.

**2. Skapandi og gagnrýnin hugsun.** Sýnir frumkvæði. Beitir gagnrýnni hugsun. Er skapandi við vinnu og lausn verkefna.

**3. Sjálfstæði og samvinna.** Leitar sjálfstæðra lausna í vinnu sinni. Sýnir kurteisi í samskiptum. Leggur sitt af mörkum í hópstarfi. Fylgir fyrirmælum.

**4. Nýting miðla og upplýsinga.** Miðlar upplýsingum til annarra. Nýtir mismunandi miðla til upplýsingaöflunar. Vinnur vel og á gagnrýninn hátt úr upplýsingum.

**5. Ábyrgð og mat á eigin námi.** Setur sér markmið í námi. Metur stöðu sína raunhæft í námi. Nýtir tíma sinn vel.

## Íslenska

### Kennslustundafjöldi á viku

Til ráðstöfunar eru sjö kennslustundir á viku. Einnig verður komið inn á ýmsa þætti íslenskunnar í þemavinnu með samþættingu við aðrar námsgreinar.

### Almenn markmið

Stuðst verður við hæfnimarkmið aðalnámskrár grunnskóla 2013. Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra þætti: **1) Talað mál, hlustun og áhorf, 2) Lestur og bókmenntir, 3) Ritun og 4) Málfræði.** Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna. Mikilvægt er að grunnskólanám í íslensku sé heildstætt. Nauðsynlegt er að nemendur læri að tjá sig skýrt og áheyrilega. Þeir læri að lesa upphátt með skýrum framburði og viðunandi leshraða. Einnig þurfa þeir að öðlast hæfni til að halda athygli áheyrenda. Lögð er áhersla á lestur og læsi, þar sem nemendur þjálfast í að leita sér upplýsinga úr margvíslegum miðlum, ásamt því að efla áhuga á bókmenntum og lestri. Nemendur fá þjálfum í að geta tjáð sig skriflega bæði í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Lögð er áhersla á góðar skriftarvenjur, skipulag og úrvinnslu.

Í málfræðinámi er leitast við að vekja áhuga nemenda á tungumálinu ásamt því að efla áhuga á móðurmálinu. Nemendur læra að þekkja hugtök og hlutverk þeirra í málinu ásamt því að fá æfingu í að beita þeim.

### *Talað mál, hlustun og áhorf*

Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Gott vald á munnlegri tjáningu í móðurmáli nýtist í öllum námsgreinum.

### Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- tjáð eigin skoðanir og tilfinningar
- haldið athygli áheyrenda m.a. með leikrænni tjáningu
- tekið þátt í samræðum
- hlustað af athygli
- greint frá aðalatriðum
- átt góð samskipti
- gætt tungu sinnar
- sýnt viðeigandi kurteisi

## Kennsluefni/kennslugögn

Orðspor 1, lesbók og vinnubók, Flökkuskinna og efni frá kennara. Árgangurinn mun setja upp helgileik fyrir litlu jól Akurskóla.

## Námsmat

Virkni og þátttaka er metin.

## Lestur og bókmenntir

Góð lestrarfærni er undirstaða alls náms auk þess að geta aflað sér upplýsinga.

## Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur geti:

- lesið texta við hæfi með góðum hraða og skilningi
- lagt mat á texta og túlkað hann
- greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð
- lesið sér til ánægju og fróðleiks
- lesið bókmenntir eins og þjóðsögur, ljóð og bókmenntir sem ætlaðar eru börnum og unglingum
- greint boðskap bókmennta
- beitt hugtökunum rím og ljóðstafir
- aflað upplýsinga úr bókum
- lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum
- valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju

## Kennsluefni/kennslugögn

Orðspor 1 lesbók og vinnubók, Lokaorð les- og vinnubók, Flökkuskinna, ásamt fleiri bókum sem nemendur velja sér af bókasafni. Lestrarsprettir verða yfir skólaárið, fyrri verður í október og seinni verður í febrúar. Á vorönn lesa nemendur Vefinn hennar Karlottu og vinna verkefni úr.

## Námsmat

Á hvorri önn eru lögð fyrir lesskilningskannanir ásamt Orðarún sem er stöðluð lesskilningskönnun. Hraðlestur er kannaður fjórum sinnum yfir skólaárið. Lesfímiviðmið í 5. bekk að vori eru:

	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
<b>5.bekkur</b>	90 orð á mínútu	140 orð á mínútu	160 orð á mínútu

## Ritun

Nemendur þurfa að hafa gott vald á rituðu máli og hafa góð tök á því að miðla efni til annarra.

## Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- skrifað læsilega
- skrifað texta með ákveðinn lesenda í huga
- skrifað texta á blað og í tölvu
- beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar
- notað sér þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta s.s. inngangi, meginmáli og niðurlagi

## Kennslufni/kennslugögn

Í skriftarkennslu verða til grundvallar bækurnar Ítalíuskript 3A og 3B eftir Gunnlaug Briem og Freyju Bergsveinsdóttur notaðar. Margvísleg ritunarverkefni frá kennara. Í stafsetningu verður stuðst við Mál til komið: lesbók og vinnubók.

## Námsmat

Vinna nemenda verður metin þ.e. virkni, framfarir og vinnubrögð. Lagðar verða fyrir stafsetningarkannanir á hvorri önn. Lögð verður áhersla á að nemendur fái reglulega uppbyggilegar umsagnir frá kennara á ritunarverkefnum sínum.

## Málfræði

Málfræðikennsla í grunnskóla á að gera nemendur að betri málnotendum ásamt því að auka áhuga þeirra á móðurmálinu.

## Hæfniviðmið

Að nemendur:

- beiti þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum bæði í töluðu og rituðu máli
- nýti orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og nota þau í texta
- hafi jákvætt viðhorf til tungumálsins

## Kennslufni/kennslugögn

Málrækt 1, Mál til komið.

## Námsmat

Metinn er frágangur, virkni og vinnubrögð ásamt reglulegum könnunum úr efnisþáttum.

## Kennsluhættir

Kennt verður samkvæmt hugmyndafræði heildstæðrar móðurmálskennslu þar sem áherslan er á talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun, og málfræði. Einnig er unnið markvisst með

Þróunarverkefnið Orð af orði. Samfellu og stíganda er haldið allt kennsluárið með fjölbreyttum kennsluaðferðum svo sem upplestur, innlögnum, sjálfsmati, hóp- og einstaklingsverkefnum í hringekju, leikjum og námsspilum. Unnið er markvisst að því að efla miðlalæsi nemenda með fjölbreyttu lesefni og samþættingu íslensku við upplýsingatækni. Höfðað er til færniþátta nemanda og leitast við að laða fram það besta í hverjum og einum.

## Stærðfræði

Unnið er að því að nemandi nái tókum á lykilhæfni samkvæmt skilgreiningum greinasviðs aðalnámskrá grunnskóla 2013.

### ***Tölur og reikningur***

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman
- notað tugakerfisrithátt og sýni að hann skilji sætiskerfi
- leyst viðfangsefni sem spröttin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugareikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum

### ***Algebra***

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- rannsaki og setji fram talnamynstur á skipulegan hátt og vinni með regluleika í rúmfræði, lýsi mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar

### ***Rúmfræði og mælingar***

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, spegla, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn
- notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni
- tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti

### ***Tölfræði og líkindi***

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum
- reiknað út líkur í einföldum tilvikum

## Kennsluefni/kennslugögn

Stika 1A og 1B nemendabók og æfingahefti ásamt öðru ítarefni. Ýmsar þrautalausnir og gagnvirk stærðfræðiforrit í tölvu. Hjálpargögn eru notuð s.s. brotabútar, námsspil, talnagrindur og fl.

## Kennsluhættir

Stærðfræðin verður kennd í vikulotum þar sem ákveðið efni og verkefni eru lögð fyrir. Lögð verður áhersla á fjölbreytt vinnubrögð sem gera nemendum kleift að leysa stærðfræðileg viðfangsefni á eigin forsendum. Jafnframt tengist stærðfræðivinnan daglegu lífi og reynslu nemenda, bæði í einstaklings- og hópvinnum, rökstuðningi, námsleikjum, spilum, þrautalausnum, sköpun, vettvangsferðum, notkun kennsluforrita, tilraunum og samræðum. Hver vika hefst á innlögnum á efni og síðan er unnið með það áfram í kennslustundum. Í heimavinnu vinna nemendur upp ókláruð verkefni vikulotunnar ásamt einstaklingsmiðuðu þjálfunarefni.

## Námsmat

Símat verður í stærðfræði með námsmatsverkefni, kaflapróf, við lok hvers námsþáttar. Unnin verða hóp- og einstaklingsverkefni ásamt því að virkni og vinnubrögð nemenda verða metin jafnt og þétt.

## Náttúrugreinar

Að nemendur:

- kynnist tilraunum og framkvæmdum þeirra ásamt skýrslugerð
- fræðist um eðli krafta, tækni og véla
- fræðist um mælingar, metrakerfið, tímamælingar og hraðamælingar
- þekki hvernig hljóð myndast s.s. bylgjur, tónhæð, hljóðstyrk, hljóðburður og hljóðfæraleikur
- efla skilning á hugtökum með hugarkortum og umræðu.

## Námsefni/kennslugögn

Auðvitað á *ferð og flugi*, námsefni frá kennara og fræðslumyndbönd af vef Menntamálastofnunar.

Ýmsar verklegar tilraunir.

## Námsmat

Námsmat verður á formi símats þar sem frágangur, virkni og vinnubrögð eru metin jafnt og þétt yfir önnina.

## Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Að nemendur:



- læri að þekkja helstu atburði kristinnar trúar ásamt öðrum trúarbrögðum
- læri að þekkja helstu hátíðir kristinnar trúar og annarra trúarbragða
- fræðist um kortagerð og læri að lesa á landakort
- læri um jörðina, innvið hennar og aldur
- kynnist náttúruvernd
- læri að þekkja auðlindir Íslands
- fræðist um alla landshluta Íslands
- fjallað verður um daglegt líf á Íslandi um aldamótin 1900 - híbýlahætti, vinnu, hlutverkaskiptingu og menningu í hinu íslenska bændasamfélagi

### **Kennsluefni/kennslugögn**

Ísland - *veröld til að njóta* lesbók og vinnubók og námsefni frá kennara.

### **Námsmat**

Metinn er frágangur, virkni og vinnubrögð. Vinna í hópverkefni er einnig metin.

## **Lífsleikni**

### **Hæfniviðmið**

Að nemendur:

- geti greint og lýst tilfinningum
- efli félagsþroska sinn, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- öðlist færni í rökrænni hugsun ásamt því að tjá hugsanir sínar og skoðanir
- öðlist þjálfun í að setja sig í spor annarra
- öðlist færni í að taka afstöðu til siðferðilegra álitamála
- kynnist grunnþáttum menntunnar samkvæmt aðalnámskrá grunnskólanna 2013, þeir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun

### **Kennsluefni/kennslugögn**

Ég er bara ég, bekkjafundur, nemendur fá klípusögur að glíma við og atvik sem koma upp í skólanum eru tekin fyrir. Leiðtogaþjálfun.

### **Námsmat**

Metinn er frágangur, virkni og vinnubrögð. Vinna í hóp- og einstaklingsverkefnum er einnig metin.

## **Erlend tungumál**

### **Enska**

### **Kennsluhættir**

Einstaklings- og hópverkefni í hlustun, áhorfi, og ritun.

## Hæfniviðmið

Nemendur ættu nú að geta spreytt sig í að nota málið við ýmsar aðstæður. Byggt er á þeim grunni sem lagður var í 4. bekk. Áfram er fengist við hlustun og þjálfun í töluðu máli en aukin áhersla er á lestur með myndum til stuðnings. Einnig bætast við nokkur málfræðiatríði. Nemendur þjálfast í að skrifa stutta texta og nota orðabækur.

## Hlustun

Að nemendur:

- skilji það sem fram fer, bæði í tali kennara og samnemenda
- skilji einfalt mál sem tengist nánasta umhverfi
- skilji meginþráð í stuttri sögu eða frásögn
- geti hlustað eftir ákveðnum upplýsingum

## Lesskilningur

Að nemendur:

- skilji aðalatriði í einföldum texta, t.d. í tímaritum fyrir börn og unglunga
- geti fundið afmarkaðar upplýsingar í texta
- skilji texta um persónuleg málefni, áhugamál og daglegt líf
- geti fylgt tiltölulega einföldum leiðbeiningum

## Talað mál – samskipti

Að nemendur:

- geti tekið þátt í einföldum samtölum og sagt frá sjálfum sér, áhugamálum og ýmsu úr nánasta umhverfi
- geti skipst á einföldum upplýsingum, t.d. hvað er skemmtilegt/ leiðinlegt
- geti byrjað og endað samtál á einfaldan hátt

## Talað mál – frásögn

Að nemendur:

- geti tjáð sig í stuttum frásögnum og endursögnum
- geti gefið einfaldar lýsingar, t.d. á fólki

## Ritun

Að nemendur:

- geti skrifað einfaldan texta um kunnuglegt efni
- geti skrifað einfaldan texta frá eigin brjósti
- geti stafsett algeng orð

- geti skrifað stutt skilaboð

### **Kennsluefni/kennslugögn**

Build up, myndbönd og ljósritað efni frá kennurum

### **Námsmat**

Símat verður í ensku þar sem metin verður virkni og vinna í tímum og verkefnavinna nemenda. Nemendur þreyta munnlegt próf í lok annar þar sem ætlast er til að þeir geti svarað einföldum setningum og geti sagt frá sjálfum sér á ensku. Könnun verður á vorönn þar sem einfaldir málfræðipættir eru kannaðir. Verkefnavinna, virkni og vinna í tímum verða einnig metin.

## **Útinám**

### **Hæfniviðmið**

Að nemendur:

- fræðist um nánasta umhverfi skólans
- fræðist um rekstur fyrirtækja í nágrenni skólans
- fræðist um fuglalíf í Innri Njarðvík
- fari í holla hreyfingu utandyra

### **Kennsluhættir**

Sýnikennsla, stuttar innlagnir, einstaklingsvinna, hópvinna, umræður, skoðunarferðir, útikennsla, vettvangsferðir, athuganir og tilraunir.

### **Námsmat**

Metinn er virkni og þáttaka. Vinna í hópvinnu er einnig metin.

## **Tónmennt**

Tónlistin hefur alltaf verið samofin lífi og starfi manna. Meginmarkmið er að vekja áhuga nemenda á tónlist með tónlistariðkun og þroska hæfni þeirra til að njóta hennar. Ennfremur að nemendur geri sér grein fyrir gildi tónlistarinnar fyrir okkur sem einstaklinga og samfélagið í heild.

### **Hæfniviðmið**

### ***Frum-, efnis og leikniþættir***

Nemandi á að:

- flytja fjölbreytta tónlist frá ólíkum tímum og löndum einn og/eða í hópi
- semja, spinna og útsetja tónverk eftir gefnum fyrirmælum með fjölbreyttum hljóðgjöfum

- öðlast vaxandi færni í söng og leik á skólahljóðfæri
- öðlast vaxandi færni í flutningi tónlistar, laga og stefja eftir minni, heyrn og nótna- og hljómatáknnum

### ***Sögulegt og félagslegt samhengi***

Nemandi á að:

- sýna vaxandi skilning á sögulegu og samfélagslegu hlutverki þeirrar tónlistar sem unnið er með

### ***Tónlistarlegt innsæi***

Nemandi á að:

- geta heyrt, greint og sýnt þekkingu á ólíkum tónlistarstíltægundum sem unnið hefur verið með

### **Kennslufni**

Ýmis gögn og verkefni frá kennara.

### **Námsmat**

Símat á virkni, framförum, samvinnu og skilningi nemenda á viðfangsefni kennslustunda.

## **Smiðjur**

Til ráðstöfunar eru 4 kennslustundir í viku sem skiptast niður í fimm smiðjur á skólaárinu. Í smiðjum blandast allir nemendur í 4. og 5. bekk í smærri hópa.

### ***Heimilisfræði***

#### **Hæfniviðmið**

Að nemandi:

- fari eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi
- geti unnið með öðrum í hóp og sýnt tillitssemi
- þjálfist í að nota mælitæki og geti unnið eftir uppskriftum
- sýni sjálfstæði í vinnubrögðum
- auki þekkingu sína á góðum matarvenjum s.s. að borða morgunmat, ávexti og grænmeti daglega
- geti útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurða
- geti lagt snyrtilega á borð og gengið frá eftir mat
- geti haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni
- lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum

## Matur og lífshættir

Að nemandi:

- geti tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar
- tjáð sig um aðalatriði merkingar, verð og gæði neysluvara í tengslum við verðvernd og tjáð sig um gæði, geymslu og aukaefni í matvælum

## Kennsluefni/kennslugögn

Gott og gagnlegt 1, efni frá kennara ásamt ýmsum uppskriftum. Kennslugögn eru áhöld búnaður og hráefni í kennslueldhúsi.

## Kennsluhættir

Bókleg vinna þar sem farið verður yfir hollt og gott mataræði, hættur í eldhúsi, mælingar og mælieiningar.

Verkleg vinna þar sem nemendur læra m.a. að tileinka sér góðar venjur í frágangi og vinna eftir uppskriftum.

## Námsmat

Námsmat byggist á umgengni, vinnubrögðum og vinnusemi ásamt vinnubók og framkomu.

## *Myndmennt*

### Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun
- geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn á einfaldan hátt
- þekki grunnformin og frumlitina og þjálfist í meðferð lita og formfræði.
- geti fjallað um eigin verk og annarra
- geti greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans
- geti unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar
- þekki og geti notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni
- geti greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka
- læri að ganga frá eftir vinnu sína

## Kennsluefni/kennslugögn

Skjávarpi og efni myndmenntastofu svo sem teikniverkfæri, litir, pappír og leir

### **Kennsluhættir**

- Í myndlist er unnið markvisst með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að sjá það sem þeir horfa á
- umræður um myndlist
- einstaklingsvinna
- hópvinna

### **Námsmat**

Byggist á formlegri umsögn: Vinnubrögð, samskipti og mat á verkefnum.

### ***Textílmennt***

#### **Hæfniviðmið**

Að nemendur geti:

- beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar
- þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli
- útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum
- gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum
- tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði
- sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði

### **Kennslugögn**

Garn, efnisbútar, snið, málning, lím, skæri, litir, nál og fleira.

### **Kennsluhættir**

- Nemendur hjálpast að
- Umræður
- Einstaklingsvinna
- Hópvinna
- Sýnikennsla

### **Námsmat**

Umsögn byggist á getu og kunnáttu nemenda. Einnig eru hafðir í huga þættir eins og framfarir, sjálfstæði, frumkvæði, ástundun, vinnubrögð og samstarfshæfni. Verkefnin eru metin í lokin með hliðsjón af ofantöldu. Námsmatið á að virka hvetjandi fyrir nemandann.

## ***Hönnun og smíði***

### **Hæfniviðmið**

#### **Handverk**

Að nemandinn geti:

- valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki

### **Hönnun og tækni**

Að nemandinn geti:

- hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa
- útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp vinnuteikningu
- valið samsetningar og yfirborðmeðferð sem hæfa verkefnum

### **Umhverfi**

Að nemandinn geti:

- gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni
- útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað

### **Kennslugögn**

Tífsög, sandpappír 60-100-150, litir, MDF, akrílmálning, lím, bor, borvél, mótör, rafhlöðubox, bjöllufofa, rafmagnsvír, lóðbolta og tin.

### **Kennsluaðferðir**

Stuttar innlagnir fyrir hóp eða einstakling, sýnikennsla og einstaklingsvinna.

### **Námsmat**

Námsmat byggist á formlegri umsögn: Vinnubrögðum (iðni, sjálfstæði, frumkvæði, leiðbeiningar) samskiptum (virðing, kurteisi, tillitssemi, umgengni, fyrirmæli) og mati á verkefnum.

## ***Uppbygging og bókasafn***

### **Hæfniviðmið**

#### **Bókasafn**

Að nemendur

- þekki skráningu og uppröðun á bókasafni.
- þekki stafrófið.

#### **Uppbygging**

Að nemendur

- geti tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahóp.
- geti hlustað á og greint að ólíkar skoðanir.
- sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi

### Námsefni

Bókasafn: Nemendum kennt að leita að bókum og finna ítarlegar upplýsingar um þær á Leitir.is

Uppbygging: efni tengd uppbyggingarstefnunni.

### Kennsluaðferðir

Bókasafn:

Nemendum er kennt að lesa í titilsíður, skrá hvort höfundur er erlendur eða íslenskur. Einnig er nemendum kennt að finna hver gefur út bókina og fleira. Verkefni eru bæði unnin inná safni og í tölvuveri. Þetta auðveldar nemendum leit þegar þeir fara að vinna að ritgerðum um ákveðið efni.

Uppbygging:

Nemendur vinna með jákvæð samskipti. Unnið í hópum, einstaklingslega og þörum. Farið í leiki þar sem reynir á samskipti og traust.

## Upplýsinga- og tæknimennt

### Hæfniviðmið

Að nemandi:

- þjálfist í réttri fingrasetningu
- fái þjálfun í að nota tölvur til náms
- auki stafrænt læsi sitt
- læri að senda tölvupóst
- kynnist og vinni verkefni í ritvinnsluforritinu Word
- geti sett upp verkefni í Power Point
- læri að nota algengar leitarvélar
- geri verkefni í Pawtoon
- Geti notað Office aðganga, og sem því fylgir.

### Námsefni

Fingrafimi af vef, Word og PowerPoint, Excel, Pawtoon. Verkefni frá kennara.

### Námsmat:

Verkefnavinna metin ásamt virkni og þátttöku í tímum.



## Fjölval

**Umsjónarmenn:** Aldís Kjærnested Eiríksdóttir, Arna Arnarsdóttir, Birna Ósk Óskarsdóttir, Dóra Hanna Sigmarsdóttir, Elva Björk Elvarsdóttir, Hildur María Helgadóttir, Íris Lind Björnsdóttir, Jón Ásger Þorvaldsson, Linda María Hauksdóttir, Ólína Laufey Sveinsdóttir, Rakel Guðmundsdóttir og Þorbjörg Guðmundsdóttir.

**Kennslulýsing:** Nemendum á miðstigi er skipt í hóp. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Hóparnir byrja á því að fara einu sinni á hverja stöð og að því loknu geta nemendur valið sér stöð vikulega.

### Markmið:

- Að nemendur öðlist reynslu í starfi með ólíkum aldurshópum.
- Að viðfangsefni verði fjölbreytt og við hæfi allra nemenda.
- Að virkja áhuga og vinnusemi nemenda.
- Að nemendur öðlist nýja sýn á skólastarfið þar sem nýbreytni er ríkjandi.

Þannig er stuðlað að eftirfarandi þáttum í lykilhæfni Aðalnámskrá grunnskóla, að nemandi við lok 7. bekkjar geti:

- tekið þátt í samræðum og hlustað á aðra. Tjái skoðanir sínar munnlega, skriflega eða á annan hátt.
- sýnt frumkvæði og beitt gagnrýnni hugsun. Verið skapandi við vinnu og lausn verkefna.
- leitað sjálfstæðra lausna í vinnu sinni og sýnt kurteisi í samskiptum. Leggi sitt af mörkum í hópastarfi og fylgt fyrirmælum.
- miðli upplýsingum til annarra og nýti mismunandi miðla til upplýsingaöflunar. Vinni vel og á gagnrýnninn hátt úr upplýsingum.
- sett sér markmið í námi, meti stöðu sína raunhæft í námi og nýti tíma sinn vel.

## Skólaíþróttir

### Íþróttir

#### Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- gert æfingar sem reyna á loftháð þol.
- gert æfingar sem reyna á styrk og stöðuleika útlíma og bols.
- sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.
- tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.
- tekið þátt í glímu og ýmsum leikjum.
- sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.

## Kennsluhættir

Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar leikfimiæfingar og leiki. Nemendum er skylt að koma með leikfimiföt (stuttbuxur og stuttermabol) og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum. Nemendur eiga að vera í innanhúss íþróttaskóm í íþróttahúsi.

## Kennsluefni/kennslugögn

Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

## Námsmat

Metið er frumkvæði nemanda, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tímum og beita gagnrýnni hugsun. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Nemendur þurfa að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Einnig er skoðað hæfni nemenda til að bera ábyrgð á sínu námi. Umsögn er gefin í lok haustannar. Gefið er ágætt (Á), gott (G), sæmilegt (S) eða þarf að æfa betur (Þ) fyrir færni nemenda ásamt umsögn í lok vorannar.

## Þol, styrkur og snerpa:

Þolpróf, sipp, langstökk án atrennu og próf í að hanga.

Einnig er tekið til greina í umsögn:

Frumkvæði og framkoma haust og vorönn.

Sjálfstæði og ábyrgð haust og vorönn.

Nemendur fá vitnisburð í lok skólaárs úr öllum prófum sem þeir hafa tekið á skólaárinu.

## Sund

### Hæfniviðmið

Að nemendur

- upplifi sund á jákvæðan máta og fái æfingar við sitt hæfi.
- bæti sundfærni og almennt líkamshreysti og þrek
- kynnist hinum ýmsu sundíþróttum og leikjum
- læri helstu öryggisatriði sundstaða

### Markmið

Að nemandi:

- geti synt 75 m bringusund.
- geti synt 25 m skólabaksund.

- geti synt 25 m skriðsund með sundfit.
- geti synt 12 m baksund.
- geti stungið sér af bakka.
- geti sótt hlut á 1-2 m dýpi eftir þriggja metra kafsund.
- geti synt 10 m flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja.

### **Kennsluefni/kennslugögn**

Sundgleraugu, núðlur, flár, blöðkur, kafhringir, flotdýnur, prik, boltar, áhöld sem notuð eru við björgun í vatni ásamt fleiru.

### **Kennsluhættir**

Verkleg kennsla, sýnikennsla, einstaklingsvinna og hópavinna. Farið verður í fjölbreytta leiki og æfingar framkvæmdar sem auka sundfærni nemenda ásamt því að bæta þrek og styrk. Nemendur skulu mæta með sundföt, handklæði og sundgleraugu í hvern tíma.

### **Námsmat**

Nemendur verða metnir út frá færni, umgengni, framförum og áhuga. Einnig þurfa nemendur að geta unnið með öðrum, sýnt jákvætt viðhorf og tekið leiðsögn. Sundfærni nemenda er metin jafnt og þétt allt skólaárið og umsögn gefin um við lok hverrar annar. Gefið er ágætt (Á), gott (G), sæmilegt (S) eða þarf að æfa betur (Þ).